

Fréttatilkynning 28. maí 2014

## Evrópsk kvikmyndahátíð ...allan hringinn!

Í júnímánuði efna Evrópustofa og Bíó Paradís enn á ný til Evrópskrar kvikmyndahátíðar – en að þessu sinni verður boðið upp á brot af hinu besta í evrópskri kvikmyndagerð hringinn í kringum landið dagana 1.- 10. júní. Enginn aðgangseyrir verður á hátíðina.

„Við höfum nú í tvígang haldið evrópska kvikmyndahátíð í Reykjavík og á Akureyri sem hafa gengið afar vel. Því vaknaði sú hugmynd að fara víðar og heimsækja bæi hringinn í kringum Ísland sem fá ef til vill ekki oft tækifæri til að sjá verðlaunamyndir af hæsta gæðaflokki og í bestu stafrænu gæðum sem völ er á,” segir Birna Þórarinsdóttir, framkvæmdastýra Evrópustofu. „Við munum bjóða upp á þrjár kvikmyndir á hverjum stað – eina barnamynd og tvær fyrir eldri kynslóðina – og verður frítt inn á sýningar. Tilgangurinn er fyrst og fremst að kynna og breiða út evrópska menningu.”

*Það er óhætt að segja að áætlanir um hringferðina hafi vakið athygli en blaðamaður breska dagblaðsins The Guardian mun slást í för og fjalla um hátíðina og hvernig hún fellur í kramið!*

Hrönn Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri **Bíó Paradísar**, segir samstarfið við Evrópustofu og áhersluna á hágæða evrópskar myndir hafa verið afar farsælt. „Evrópskir kvikmyndagerðarmenn eru fremstir meðal jafningja og það er okkur því sönn ánægja að beina kastljósinu að evrópskri kvikmyndagerð og menningu og færa hana til landsbyggðarinnar. Bíó Paradís kom sér nýverið upp fullkomnum stafrænum sýningarbúnaði sem við munum nýta í hringferðina – sýningargæðin verða því hæsta gæðaflokki“.

Hringferðin nýtur einnig stuðnings **Kvikmyndamiðstöðvar Íslands** en Evrópulöndin eru stærstu samstarfsaðilar Íslands í kvikmyndagerð. Fjöl margar íslenskar kvikmyndir hafa notið ríkulegs stuðning af MEDIA áætlun Evrópusambandsins en frá því að Íslendingar hófu þátttöku í kvikmynda- og margmiðlunaráætlun ESB hafa íslensk kvikmyndaframtækni og íslenskar kvikmyndir fengið tæpan milljarð í víkjandi lánum og styrkjum, eða u.þ.b. 48 milljónir á ári í 21 ár.

### Hátíðarsýning í Mosfellsbæ – lagt af stað!

Leikar hefjast með sérlegri hátíðarsýningu í Hlégarði í Mosfellsbæ sunnudaginn 1. júní kl 14:30 þar sem hin margverðlaunaða danska fjölskyldumynd Antboy verður sýnd með íslenskri talsetningu. Kaffiveitingar verða í boði og allir eru velkomnir! Ókeypis er inn á alla dagskrá hátíðarinnar.

### Frekari upplýsingar veita:

Dóra Magnúsdóttir: 8539953 / dora@evropustofa.is  
Hrönn Sveinsdóttir: 6985186 / hronn@bioparadis.is

Hægt er að fylgjast með ferðalaginu á Facebooksíðu hátíðarinnar:  
<https://www.facebook.com/EvropskKvikmyndahatid>

### Dagskrá hátíðarinnar

Mán.	2. júní	Ólafsvík
Þri.	3. júní	Hólmavík
Mið.	4. júní	Súðavík
Fim.	5. júní	Blönduós
Föst.	6. júní	Húsavík
Lau.	7. júní	Vopnafjörður*
Sun.	8. júní	Djúpivogur
Mán.	9. júní	Vík
Þri.	10. júní	Flúðir

### Myndir sem sýndar verða\*:

16:00 Antboy ( talsett á íslensku)  
18:00 Málmhaus  
20:00 Broken Circle Breakdown

\*Á Vopnafirði hefjast sýningar fyrr, eða kl.  
13:00, 15:00 og 17:00

### Nánar um myndirnar:


#### Antboy

*Leikstjóri: Ask Hasselbach*

Hinn 12 ára gamli Palli er bitinn af maur og öðlast við það ofurhetjukrafta. Með hjálp vinar síns lærir hann að beita kröftum sínum en eins og í sannri ofurhetjumynd líður ekki á löngu þar til illmennið Flóin stígur fram á sjónarsviðið og hefst þá barátta góðs og ills fyrir alvöru.

Myndin var valin besta barna- og unglíngamyndin á hinn rómuðu Robert verðlaunahátíð í Danmörku árið 2014 og einnig tilnefnd sem besta barnamyndin á kvikmyndahátíðinni í Tallin.

Myndin er dönsk að uppruna og hentar fimm ára og eldri. Hún er talsett á íslensku.



#### Málmhaus

*Leikstjóri: Ragnar Bragason*

Æska Heru Karlsdóttur er áhyggjulaus í sveitinni þar til harmleikur dynur yfir. Eldri bróðir hennar deyr af slysförum og Hera kennir sjálfri sér um dauða hans. Í sorginni finnur hún sálhjálp í þungarokki og dreymir um að verða rokkstjarna.

Málmhaus hlaut ekki færri en átta verðlaun á Edduhátíðinni í ár og hefur verið tilnefnd sem besta norræna myndin á Gautaborgarhátíðinni 2014 og besta alþjóðlega myndin á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Santa Barbara.

Já, Ísland er hluti af Evrópu og hafa fjölmargar íslenskar kvikmyndir á borð við Málmhaus notið stuðnings í gegnum styrktaráætlun Evrópusambandsins fyrir kvikmyndaiðnaðinn, MEDIA, sem Ísland hefur aðgang að í gegnum EES.




#### Broken Circle Breakdown

*Leikstjóri: Felix van Groening*

Elise og Didier verða ástfangin við fyrstu sýn: hún á húðflúrstoðu og hann spilar á banjói í blágresisbandi en þau deila saman miklum áhuga á amerískri tónlist og menningu. Óvænt ógæfa leikur þau grátt og reynir mjög á samband litlu fjölskyldunnar.

Myndin hefur farið sigurför um Evrópu og meðal annars hlotið Lux verðlaunin 2013, áhorfendaverðlaun Berlinale og verðlaun sem besta evrópska myndin hjá



Europa Cinemas Label. Myndin er belgísk að uppruna og er sýnd með íslenskum texta.